

annan finnum við upp skráttur hver um annan í anda hinnar síldu sögu: „Það voru einu sinni Norðmaður, Dani og Sví ...“ — elskulegar sögur sem móðga ekki neinn en geta endurspeglad sérkenni okkar, lagt áherslu á það að ekki erum við öll eins.

Það er góðs viti þegar hægt er að segja slíkar skráttur án þess að særa neinn. Það er vísbending um vaxandi norrænt samstarf, um norræna samhygð, sem svo mætti kalla og skorti um átakanlega fyrir þúsund árum. Norðurlandabjóðirnar eru aftur orðnar ein fjölskylda.

Vitanlega erum við ekki alltaf á sama máli — hver er sú fjölskylda sem svo er háttad um? Það er ýmislegt ólíkt með okkur í fleiri en einni merkingu orðsins. Þann mun má rekja til landafræðinnar ekki síður en til annarra þátta.

Þrjú ríkjanna eru í NATO, tvö fylgja hlutleysisstefnu. Þetta kemur samt ekki í veg fyrir að utanríkisráðherrar okkar eigi náð samstarf í mörgum málum.

Við höfum ekki komið upp norrænu efnahagsbandalagi eins og margir hugsjónamenn höfðu vonað. Við höfum ekki stofnað formlegt bandalag með sambandsstjórn, einskonar bandaríki Skandinavíu. En við eigum mörg réttindi sameiginleg — réttinn til að starfa í löndum hvers annars, réttinn til að fara yfir landamæri án vegabréfs, jafnvel rétt til að kjósa í bæjar- og sveitarstjórnir eftir fárra ára dvöl utan heimalands. Allt er þetta árangur af samstarfi á öllum sviðum, allt frá samráðsfundum þingmanna í Norðurlandaráði til menningar-tengsla á öllum sviðum lista.

Þetta endurspeglar nokkuð það sem ég tel að við öll getum verið stolt af: nýjan skilning, nýtt afl, það sem kallað hefur verið norrænn andi, sem nýtur almennrar viðurkenningar og virðingar. Við höfum fundið okkur til handa frið og einingu og vitum hvað þau orð geta þýtt.

Norrænn höggmyndasmiður, Ásmundur Sveinsson, hefur gjört fundahamar þann sem forseti allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna notar til að halda umræðum í réttum skordum. Haus hamarsins sýnir viking sem er að biðja fyrir friði. Þetta er boðskapur okkar tíma til allra þjóða, alls mannkyns, frá afkomendum afar vígfúsra manna. Norðurlöndin hafa verið flestum þjóðum fúsari til að bjóða sig fram til þjónustu fyrir Sameinuðu þjóðirnar, ekki til að heyja stríð heldur til að reyna að koma í veg fyrir styrjaldir, og framlag þeirra til þróunar og samstarfs við ríki, sem verr eru sett, hefur verið með ágætum.

Það er trú mín, að allt hafi þetta með vissum hætti sprottið af fjölskyldukenndinni, þeirri samstöðu sem norræn ríki hafa treyst með sér. Og hún hefur verið afar þýðingarmikil fyrir hina norrænu innflytjendur þessi sterka nauðsyn, þessi þunga ábyrgð, þessi skylda að byggja upp þá tegund samfélags, það þjóðfélag, þar sem fjölskyldutréd gæti blómgast. Og það er dásamleg ánægja að sjá þessa samstöðukennd að öflugum verki enn í dag, og hér í tvíburaborgunum, að hafa spurnir af þeim mikla tíma og því mikla átaki sem menn úr öllum hópum þjóðfélagsins leggja fram til að tryggja að samfélag þeirra, fjölskylda samborgara á öllum aldri, standi með blóma andlega og menningarlega ekki síður en á öðrum sviðum.

Sameiginlegur áhugi á þeirri menningararfleifð sem við eigum hlutdeild í hefur stefnt okkur saman hingað í dag. Síst þarf ég að segja einmitt ykkur af hinu mikla menningarframlagi norrænna þjóða til heimsins á öllum sviðum lista, jafnt í bókmenntum og tónlist sem og á sviði leiklistar, málalistar, höggmyndalistar og kvikmyndagerðar — eða jafnvel á sviði hannyrða og þjóðlagasöngs. Heimskunn nöfn renna ljúflega af tungunni, frá Ibsen og Strindberg til Grétu Garbo, Ingrid Bergman og Liv Ullman, frá Laxness og Heinesen til Sibeliusar og Griegs, frá Kirkegaard og Hans Christian Andersen til Edvard Munchs og Ingmar Bergmans. Þessir karlar og konur sem Norðurlöndin hafa gefið heiminum og við erum með rétti stolt af.

Í norrænni goðafræði var jörðinni haldið saman af heimstré miklu sem Yggdrasill hét. Þetta tré tengdi himin við jörð. Þetta var hið ævafora fjölskyldutréd, ekki aðeins Skandinavíu heldur alls heimsins.

Þetta var Skandinavía fyrri tíma. Í Skandinavíu nútímans sjáum við ávexti fjölskyldutrés okkar daga. Við sjáum hvernig mannanna munur í fjölskyldunni hefur skapað ríkulega margbreytni í menningartjáningu, sem er með sínum keim hjá hverju okkar. Við erum komin hingað til Ameríku til að bjóða ykkur, frændum okkar, sem eigið forfeður sem lögðu af trúmennsku rækt við menningu sína, til að taka þátt í þessari hátið, þessari sýningu, lesa menningarblóm af fjölskyldutréd okkar tíma. Megi það vaxa og blómgast, megi það veita ykkur ánægju og börnum ykkar og barnabörnum.

Eg lýsi sýninguna Scandinavia Today í Minnesota opna. Þakka ykkur áheyrnina.

Verk 15 íslenzkra hönnuða sýnd í New York

Á mánudaginn var opnuð í Cooper Hewitt-safninu í New York norræn listiðnaðarsýning undir nafninu Scandinavian Modern 1880–1980. Sýningu þessari er ætlað að gefa yfirlit yfir þróun listiðnaðar og hönnunar á Norðurlöndum frá 1880, en um það leyti hófu Norðurlandabjóðirnar markvissa starfsemi til að efla og bæta hönnun iðnaðarframleiðslu sinnar.

Cooper Hewitt-safnið er iðhönnunarsafn Smithsonian-stofnunarinnar.

Íslensku listamennirnir, sem eiga verk á sýningunni, eru leirlistamennirnir Guðmundur Einarsson frá Miðdal (lést 1963), Gestur Þorgrímsson, Sigrún Guðjónsdóttir, Jónína Guðnadóttir og Steinunn Marteinsdóttir, veflistamennirnir Júlíana Sveinsdóttir (lést 1966), Ásgerður Búadóttir, Sigríður Jóhannsdóttir og Leifur Breiðfjörð og Þorbjörg Þórðardóttir,

gullsmíðirnir Jens Guðjónsson og Guðbrandur Jezorski og húsgagnaarkitektarnir Sveinn Kjarval (lést 1981), Gunnar Magnússon og Pétur Lúthersson.

Unnið hefur verið að undirbúningi þessarar sýningar undanfarnir tvö ár og hefur undirbúningsstarfið verið í höndum nefndar, sem skipuð var að tilhlutan iðnaðarráðuneytisins. Nefndin naut fyrirgreiðslu Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og Iðnþróunarsjóðs, en tengiliður nefndarinnar við norræna undirbúningsnefnd og Cooper Hewitt-safnið var Stefán Snæbjörnsson innanhússarkitekt.

Þetta er í fyrsta sinn síðan 1959, að íslenskur listiðnaður er kynntur á norrænni sýningu sem tekur til allra greina listiðnaðar undir merkinu Scandinavian Design. Forseti Íslands var viðstaddur opnun sýningarinnar í Cooper Hewitt.

VIDEO-EXTRA '82



Þetta eru vinsælu myndsegulbandstækin sem svo margir mæla með. Vestur-Þýzk þrautreynd gæði.

NORDMENDE

Verð 25.980.-
Útb. 6.000.-
— Rest á 6 mán.

VERSLID I
SÉRVERSLUN
MEÐ
LITASJÓNVÖRP
OG HLJÓMTÆKI
SKIPHOLTÍ 19 SÍMI 29800




Hann Siggi mætir í alla vélritunartíma með vinkonu sína frá Skrifstofuvélum!

Hann átti í töluverðum vandræðum með valið, hann Siggi, þrátt fyrir allt. Hann átti nefnilega kost á frábæru úrvali, eins og þeir segja í auglýsingunum. Þeir hjá Skrifstofuvélum h.f. buðu honum hvorki meira né minna en 5 gerðir af rennilegum skólaritvélum — allt frá hinum gífurlega vinsælu ABC ritvélum upp í bráðfallega Message rafmagnsritvél. Siggi valdi ABC. Ást við fyrstu sýn! Hann féll fyrir laglegu let-

urborði, léttum áslætti, fállegri hönnun, skýru lettri og góðu verði.

Þær kosta aðeins kr. 2,340,00 þær ódýrustu.

Þau Siggi hafa ekki skilið síðan. Þó verður það að segjast eins og er, að það hefur hvarflað að honum Sigga að næla sér í aðra, eina rafknúna, til að hafa sem heimilishjál. En þá aðeins til viðbótar við ABC. Hann er nefnilega dálítið „fjolladur“ hann Siggi!



OTTO A. MICHELSEN
SKRIFSTOFUVÉLAR H.F.
Hverfisgötu 33
Sími 20560